

Fyrirframgefin tilskipun í geðheilbrigðisþjónustu

Minnisblað frá Geðhjálpi til heilbrigðisráðherra

Svokölluð *fyrirframgefin tilskipun* eða *Advance Directives (AD)* hefur rutt sér til rúms meðal fjölmargra vestrænna þjóða á síðustu árum. Hugtakið felur í fáum orðum í sér formlega viðurkenningu samfélagsins á vilja sjúklings í sjúkdómsmeðferð hafi það verið metið svo að hann hafi misst getuna til að taka ákvarðanir um eigið líf „mental capacity“.

Fyrirframgefin tilskipun hefur einkum verið notuð í tveimur tilvikum. Annars vegar til að lýsa vilja sjúklinga með ólæknandi sjúkdóma um hversu lengi þeir vilji að heilbrigðisstarfsfólk leggi sig fram um að framlengja líf þeirra fari svo að þeir missi getuna til að lýsa yfir vilja sínum. Hins vegar til að lýsa vilja einstaklinga með geðræna sjúkdóma um hvernig haga beri ákvarðanatöku, meðferð og öðrum þáttum í lífi þeirra fari svo að þeir missi getuna til að taka eigin ákvarðanir í alvarlegu sjúkdómsferli.

Fyrirframgefin tilskipun hefur verið felld inn í löggjöf fjölmargra vestrænna ríkja og fylkja beggja megin Atlanshafs. Mismunandi er hvort ákvæði hafa verið færð inn í gildandi lög eða látin bera uppi sjálfstæðan lagabálk. Ekki gætir heldur samræmis í því hvort lagaákvæðin ná yfir báða áðurnefnda hópa eða aðeins annan þeirra. Rétt er þó að nefna að fylgjendur þess að lagaákvæðin nái yfir báða hópana hafa fært þau rök fyrir sjónarmiði sínu að með því sé unnið gegn fordómum gagnvart fólki með geðræn veikindi og þeirri ógn að lögræðislög hefji sig yfir *fyrirframgefna tilskipun* fólks með geðræna sjúkdóma.

Hér verður sjónum einkum beint að *fyrirframgefinni tilskipun* meðal síðarnefnda hópsins. Hugmyndin um að skapa fólki með geðræna sjúkdóma lagaramma til að lýsa yfir vilja sínum í tengslum við alvarleg veikindi fyrirfram á m.a. rætur að rekja til Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þar er lagt blátt bann við því að fólk með geðfötlun og aðra fötlun sé beitt þvingunum eða ofbeldi á grundvelli fötlunar sinnar.

Í framhaldi af því var sjónum í ríkari mæli en áður beint að því hvaða leiðir hægt væri að fara til að virða vilja og draga úr þvingun gagnvart fólki með geðrænan vanda í alvarlegum veikindum. Ein þessara leiða er *fyrirframgefin tilskipun* og er nú svo komið að ákvæði um slíkan rétt er að finna í löggjöf margra fylkja Bandaríkjanna og Kanada og helmingi aðildarríkja Evrópusambandsins svo dæmi séu nefnd.

Fyrirkomulag *fyrirframgefna tilskipunar* og vægi hennar er talsvert ólíkt milli landa. Algengt er að viðkomandi einstaklingi standi til boða að fylla út fyrirframgefið form einn, með aðstoð frá ættingja, vini eða fagmanni. Þar gefst honum tækifæri til að segja fyrir um hver taki ákvarðanir fyrir hann og hvernig einstökum þáttum meðferðarinnar verði háttáð fari svo að hann verði ekki fær um að taka ákvarðanir sjálfur í alvarlegum veikindum. Viðkomandi getur valið um að segja til um annað eða hvort tveggja ásamt því að setja niður fyrirsmæli um hvernig öðrum þáttum á borð við umsjá barna og fjármál verði háttáð á meðan á veikindum stendur.

Ýmis lagaleg álitamál hafa risið upp við setningu ákvæða um *fyrirframgefna tilskipun* í löndunum. Þar er hægt að nefna hvernig bregðast eigi við ósk einstaklings um að vikið verði frá annars lagalega bindandi *fyrirframgefni tilskipun* ef metið hefur verið að viðkomandi eigi við alvarlegt geðrof að stríða.

Nokkrar þjóðir hafa brugðist við þessu álitamáli með því að færa inn í *fyrirframgefna tilskipun* valmöguleika einstaklingsins um að hann geti eða geti ekki breytt tilskipun sinni hafi ástand viðkomandi verið metið þannig eða við hliðstæðar aðstæður. Þá hefur verið tekist á um hverjir séu til þess bærir að virkja fyrirframgefna tilskipun og fella hana úr gildi svo dæmi séu nefnd.

Geðhjálp óskar eftir því að stofnaður verði starfshópur samtakanna og ráðuneytisins í því skyni að meta kosti þess að færa *fyrirframgefna tilskipun* fólks með geðræna vanda inn í íslenska löggjöf.

Samtökin gera hér með að tillögu sinni að hlutverk starfshópsins verði m.a. að taka afstöðu til eftirfarandi þátta:

- Kosta þess að færa *fyrirframgefna tilskipun* inn í íslenska löggjöf.
- Hvar *fyrirframgefni tilskipun* sé best fyrir komið í íslenskri löggjöf.
- Hvað *fyrirframgefni tilskipun* ætti í grófum dráttum að fela í sér.
- Hvaða áhrif *fyrirframgefni tilskipun* hefði á aðra innlenda löggjöf.
- Til hvaða frekari aðgerða þyrfti að grípa í kjölfar innleiðingar *fyrirframgefinnar tilskipunar*, svo sem varðandi þjálfun starfsfólks.

Heimild: Dr. Fiona Morrissey, ýmsar greinar ásamt upplýsingaefni um *fyrirframgefna tilskipun* í Virginíufylki í Bandaríkjunum.

Landssamtökin Geðhjálp,
13. desember 2017

